

desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld 2. gr. auglýsingar nr. 40 5. febrúar 1963 með síðari breytingum, um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetjum.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967, sbr. auglýsingu um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 332 9. desember 1968.

1. gr.

Eftirtaldir liðir gjaldskrárinnar hækka um 20% :

A-liður 1. gr., 2. gr., A-liður 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr. og A-liður 7. gr.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir, nr. 24 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

1. gr.

Gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 skal innheimt við tollafgreiðslu. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn, að undanskildum almenningsbifreiðum skv. nr. 87.02.20 í tollskrá, sjúkra-, bruna- og snjóbifreiðum, svo og bifreiðum, sem eru hvort tveggja lögreglu- og sjúkrabifreiðar, samkv. nr. 87.02.38 í tollskrá.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 60% af fob-verði eða eftir atvikum matsverði bifreiða, án tillits til þess, hvort bifreiðin er notuð eða ný, öðrum en jeppabifreiðum skv. nr. 87.02.37 í tollskrá, en af þeim skal greiða 15% gjald. Gjald af bifhjólum er á sama hátt ákveðið 15% af fob-verði.